

**119** fyrir utan fæðingarhrepp sinn, Miklaholtshrepp, þá á hann sveitfesti í nefndum fæðingar-  
18. nóv. hreppi sínum.

Samkvæmt þessu staðfestist hjer með ofan nefndur úrskurður yðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**120** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um máls-  
28. nóv. kostnað í gjafsóknarmáli. — Með þóknanlegum brjefum, 25. apríl og 7. sept. þ. á., hafið þjer, herra amtmáður, lagt það til, samkvæmt ósk verzlunarstjóra Chr. Havsteens á Siglu-  
firði, að ávísaður yrði úr landssjóði kostnaður nokkur, að upphæð 46 kr., við gjafsóknar-  
mál nefnds verzlunarstjóra við Jón bónda Þorkelsson á Svadastöðum, útaf hvalreka við  
Þórðarhöfða 13. apríl 1876, en mál þetta lyktaði þannig við yfirjettinn, að því er máls-  
kostnaðinn snerti, að hann skyldi falla niður.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-  
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að af ofan nefndum kostnaði hafa 20 kr., máls-  
færslulaun Snorra heitins Pálssonar við undirjettinn, verið ávísáðar úr landssjóði 14. júní  
1880 Jóni heitnum Jónssyni landritara, samkvæmt ósk Snorra Pálssonar, og eru þær  
þannig þegar greiddar úr landssjóði, en að því er snertir hinar 26 krónurnar af ofan-  
nefndum kostnaði, en það er borgun fyrir mat á hval þeim, er málið var um, samkvæmt  
yfirjettardóminum, þá verð jeg að álíta, að þessi kostnaður við fullnægingu dómsins  
geti eigi talizt með þeim kostnaði af gjafsóknarmálum, sem heimild er til að greiða úr  
landssjóði samkvæmt 5. gr. laga 12. júlí 1878, um gjafsóknir, og sje jeg mjer því eigi  
fært að ávísá þessum 26 kr. úr landssjóði.

**121** Brjef landshöfðingja til biskups um eptirlaun prestsekkna þeirra, er njóta  
10. des. náðarárs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra,  
skýrt mjer frá því, að sjera Jón Austmann, síðast prestur að Stöð í Stöðvarfirði, hafi  
andazt 6. septbr. síðastliðinn, og að hann hafi látið eptir sig ekkju, Helgu Jónsdóttur,  
sem beri að fá eptirlaun sín úr landssjóði frá næstkomandi fardögum.

Með því nú að hinni hjerumræddu prestsekkju ber náðarár í brauðinu frá næst-  
komandi fardögum til fardaga 1889 og með því að svo hefur verið álitíð, að prests-  
ekkjum beri þá fyrst eptirlaun, er náðarárið er á enda (sbr. landshöfðingjabrjef 23. okt.  
1885, Stj.tíð. 1885 B. bls. 137), þá verður ekki fyr en náðarárið er á enda gjörð nein  
ráðstöfun til, að hinni hjerumræddu prestsekkju verði greidd eptirlaun úr lands-  
sjóði.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.

**122** Brjef landshöfðingja til formanns skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi um  
12. des. að afgjald af skólajörð sje undanþegið tekjuskatti. — Með þóknanlegu brjefi, dags.  
7. þ. m., hafið þjer, fyrir hönd skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, skýrt  
frá því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi krafizt þess af nefndinni, að af-  
gjaldið af jörðinni Vallarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi, 54 kr. á ári, verði talið með  
skattskyldum tekjum á skattaskrá Stokkseyrarhrepps, en þarsem jörð þessi sje eign barna-  
skólans í Stokkseyrarhreppi spyrjizt þjer fyrir um það, hvort afgjald af henni sje eigi